

# Fundargerð

## Skólaráð Ölduselsskóla

25. mars 2019

Mættir: Birna Sif (skólastjóri), Elínros (aðstoðarskólastjóri), Rúna (fulltrúi kennara), Sólveig (fulltrúi annarra starfsmanna), Kjartan Helgi (fulltrúi nemenda), Kristín og Kristín Steinunn (fulltrúar foreldra), Óli prestur (grenndarsamfélag)

Fjarverandi: Rakel (kennarari).

### Skóladagatal

Skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2019-2020. Skólastjóri upplýsti að næsta haust yrðu kynningarfundir fyrir foreldra en ekki haustsamstöl. Reynslan í fyrra sýndi það að vera með bæði væri tvíverknaður. 1. bekkur mun þó halda sínum samtölum. Að vori verða þemadagar sem munu bera heitið Öldóleikar sem eru fjölgreindaleikar þar sem nemendur keppa í óhefðbundnum greinum. Einnig eru nokkur þemu eyrnamerkt á skóladagatalið.

Ábending kom frá foreldrum að skólinn hafi frumkvæði að því að hvetja til útskriftarferðar 10. bekkjar og var vel tekið í það.

Skóladagatal var samþykkt.

### Símamál

Nú fer að líða að símalausum skóla. 29. mars 2019 er dagurinn sem skólinn verður símalaus. Símalaus skóli þýðir að nemendur mega ekki nota síma í skóla eða á skólalóð nema með leyfi kennara/starfsfólks. Allir nemendur á unglíngastigi tóku þátt í skólaþingi þar sem rætt var um hvernig væri hægt að auðvelda nemendum það að verða símalaus í skólanum. Einnig var rætt um hvaða virðurlög væri eðlilegt að setja. Nemendur komu með margar ábendingar og tillögur sem ritaðar voru niður. Í kjölfarið voru keypt spil, nýir kjuðar fyrir billiard og spaðar fyrir borðtennis. Einnig var keypt samlökugrill og örbylgjuofn og útvegað sófa til að setja í salinn. Þessir hlutir voru keyptir og útvegaðir í samvinnu við foreldrafélag Ölduselsskóla. Allir kennarar ræddu við foreldra og nemendur í foreldraviðtölum um símalausan skóla og voru mjög góð viðbrögð frá foreldrum.

### Rannsókn og greining

Foreldrar spurðu út í hvort að hægt væri að fá kynningu á skýrslu Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk 2019 sem lögð er fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Skýrslan er ekki birt en Skólaráð getur farið þess á leit að fá að skoða hana. Skólarnir í Breiðholti hafa fengið Mixtúru til að búa til kynningarmyndband sem verður sent til foreldrar og sett á heimasíðu.

Ákveðið að skoða á næsta fundi.

## Forvarnarvinna

Skólastjóri upplýsti að Lögreglan ætli að hefja ákveðna forvarnarvinnu þar sem hún hitti reglulega börn og verði meira sýnileg. Við hlökkum til að heyra meira af þessu verkefni.

## Hagsel 23

Foreldrar spurðu hvort að skólinn hefði einhverja skoðun á fyrirhugaðri byggingu við Hagsel 23. Samkvæmt skipulagi á að reisa húsnæði með átta íbúðum fyrir geðfatlaða og mögulega virka fíkla. Stjórn foreldrafélagsins hefur ákveðið að skrifa andmælabréf þar sem félagið telur að eðlilegra væri að huga að starfsemi tengda börnum þar sem á sama reit er frístundaheimili, félagsmiðstöð og garður þar sem börn eru oft að leik. Einnig er mikil umferð barna á göngustíg á milli Seljaskóla og Ölduselsskóla. Skólinn hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann sendi andmælabréf.

## Skólareglur

Foreldrar spurðu hvort búið væri að setja bann við rafretum inn í skólareglur. Ekki er búið að því en verður gert við fyrsta tækifæri.

## Sundkennsla og íþróttir

Foreldrar ræddu um að nemendur í unglingsdeild fengju ekki nógu marga íþrótt og sundtíma. Skólastjórnendur ætla að skoða málið og taka ábendinguna til greina við gerð nýrra stundataflna.

## Skóli hefst kl. 8:30

Við skipulagningu á skólastarfi næsta skólaár munu stjórnendur leitast við að hafa skólabyrjun hjá öllum nemendum kl. 8.30. Fulltrúar foreldra lýstu yfir ánægju með það.